

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 131/205*  
*komudagur 26.11.2004*

CONSUMERS ASSOCIATION OF ICELAND  
ASSOCIATE MEMBER OF IC, BEUC and ICRT

**NS**  
**NEYTENDASAMTÖKIN**

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

SÍÐUMÚLA 13,  
108 REYKJAVÍK,  
SÍMI 545 1200,  
TELEFAX 545 1212,  
ns@ns.is  
PÓSTHÓLF 8160,  
128 REYKJAVÍK.

Reykjavík 25. nóvember 2004

**Efni: Umsögn Neytendasamtakanna um tillögu til þingsályktunar um talsmann neytenda, 18. mál.**


Með þingsályktunartillögu þeirri sem hér er til umsagnar er gert ráð fyrir því að viðskiptaráðherra verði falið að setja á fót embætti talsmanns neytenda. Neytendasamtökin fagna auknum áhuga stjórnvalda á neytendavernd. Lýsa samtökin áhuga sínum á samstarfi því sem þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir við að undirbúa nauðsynlegar lagabreytingar í því skyni að setja embættið á fót.

Neytendasamtökin eru þeirrar skoðunar að mikilvægt sé að embættið beri heitið umboðsmaður neytenda og hafi sambærilegar heimildir og umboðsmenn almennt hafa. Embættisheitið umboðsmaður hefur unnið sér traustan sess í hugum Íslendinga, enda hefur umboðsmaður Alþingis verið starfandi frá árinu 1988 og umboðsmaður barna frá árinu 1995. Annars staðar á Norðurlöndum eru einnig starfandi umboðsmenn þjóðþinga og ýmissa sérhópa, þar á meðal umboðsmenn neytenda. Í umræðu um umboðsmenn sérhópa er yfirleitt átt við óháða embættismenn sem:

- Taka við kvörtunum vegna málefna sem heyra undir verksvið þeirra
- eru talsmenn sérhópsins gagnvart stjórnvöldum og einkaaðilum
- gefa út álitsgerðir
- beita sér fyrir úrbótum
- hafa frumkvæði að ábendingum um hvað betur megi fara og
- hafa almenn stefnumarkandi áhrif í þágu þeirra þegna þjóðfélagsins sem þeir eru talsmenn fyrir.

Samtökin leggja mikla áherslu á að gert verði ráð fyrir öllum þessum heimildum við stofnun umrædds embættis og að það beri heitið umboðsmaður neytenda.

Virðingarfyllt,  
f.h. Neytendasamtakanna,

  
Jóhannes Gunnarsson, formaður.